



Reykjavík, hinn 25. janúar 2000

**Efni: Umsögn BHM um 225. mál**

Nefndasvið Alþingis

Vísað er til bréfs nefndarritara f.h. formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember 1999, varðandi umsögn um „hjálagt frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir.“ Hjálögð er

**umsögn BHM um frumvarp ríkisstjórnarinnar  
til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna**

**I**

**Skipting starfa milli fastanefnda Alþingis og innan Stjórnarráðsins**

Skv. niðurlagsákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar skiptir forseti Íslands störfum með ráðherrum. Skv. forsetaúrskurði, sbr. auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, fer **félagsmálaráðherra**, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum, „með mál, er varða:

[...]

C. *Vinnu, þar á meðal:*

1. Stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm.”

Skv. 1. ml. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, sbr. 58. gr. stjórnarskrárinnar, **skal** vísa lagafrumvörpum til fastanefnda „eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu.” Samkvæmt framangreindu er ljóst að mál þetta heyrir undir félagsmálanefnd en ekki efnahags- og viðskiptanefnd eins og nefndasvið Alþingis virðist gera ráð fyrir.

Umrætt frumvarp lýtur augljóslega að vinnumarkaðsmálum – en hvorki efnahag landsins né viðskiptum – jafnvel þótt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hafi gjarnan verið falið að fjalla um önnur mál er heyra undir fjármálaráðherra – með réttu, þ.e. samkvæmt skýrum réttarheimildum, sbr. t.d. lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en fjármálaráðherra fer m.a. „með mál, er varða:

[...]

8. Launamál starfsmanna ríkisins, þar á meðal eftirlaun ríkisstarfsmanna og ekkna þeirra.
9. Réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur.”

Hérumrætt frumvarp varðar hvorki launamál ríkisstarfsmanna né réttindi þeirra og skyldur – hvorki samkvæmt efni sínu, heiti né yfirlýstum tilgangi ríkisstjórnarinnar – sem er að samræma reglur vinnumarkaðsréttar um svonefndar fjöldauppsagnir. Ber því að fjalla um frumvarpið og umsagnir um það í félagsmálanefnd. Auk þeirra skýru réttarheimilda sem vitnað er til hér að ofan standa öll efnisrök til þess að um öll vinnumarkaðsmál (ekki bara sum) sé fjallað í einni og sömu nefnd – þeirri fastanefnd

Alþingis sem fjallar almennt um vinnumarkaðsmál enda verður að líta svo á að þar sé helst að finna sérþekkingu kjörinna fulltrúa á þeim málum.

Á hinn bóginn hefur verið staðfest af hálfu forsætisráðuneytis að lagafrumvarp þetta hafi verið lagt fram í nafni forseta Íslands skv. 25. gr. stjórnarskrárinnar sem svonefnt stjórnarfrumvarp en ekki í skjóli 38. gr. stjórnarskrárinnar en þá hefði a.m.k. ekki verið unnt að líta svo á að frumvarpið hefði verið lagt fyrir Alþingi með stjórnskipulega réttum hætti.

Í ljósi framangreinds gefur Bandalag háskólamanna (BHM) félagsmálanefnd Alþingis eftirfarandi umsögn og væntir þess að fulltrúar BHM verði kallaðir á fund nefndarinnar þegar hún hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar.

## II

### Dómur Félagsdóms frá 23. desember 1999

Í hjálögðum dómi sínum frá 23. desember 1999 í máli nr. 9/1999 (fskj 1) kemst Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna standist ekki félagafrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Forsendur frumvarpsins eru því a.m.k. brostnar.

Um leið er skotið enn styrkari stoðum undir þá afstöðu BHM að rétt sé að samræma löggjöf sem gildir um samskipti aðila á vinnumarkaði, sbr. kafla III hér að neðan, til þess að ekki þurfi að koma til þess að stjórnarskrárvarinn samningsréttur og félagafrelsi sé brotið á opinberum starfsmönnum.

### Tillaga BHM

Í ljósi framangreinds leggur BHM *aðallega* til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

## III

### Heildarendurskoðun til samræmis

Stofnanir BHM hafa margsinnis ályktað að rétt sé að ein vinnulöggjöf gildi í landinu. Þar sem vinnumarkaðurinn stefnir í þá átt að verða æ einsleitari telur BHM að sérlöggjöf á borð við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé tímaskekkja og beri því að afnema eða taka til gagngerrar endurskoðunar hið fyrsta í samstarfi þeirra aðila sem starfa eftir lögunum.

Í 13 ár hafa lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilt um samskipti ríkis og sveitarfélaga *sem vinnuveitenda* við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Til viðbótar refsíákvæði 35. gr. laganna gilda enn sem tæknileg meginregla, sbr. 14. gr. laganna, lög nr. 33/1915, sbr. lög nr. 82/1998 og lög nr. 10/1983, um verkfall opinberra starfsmanna – 85 ára gömul lög – þar sem lögð er refsing með „sektum eða fangelsi allt að 2 árum”<sup>1</sup> við því að taka þátt – eða hvetja til þátttöku – í verkfalli, en „ef miklar sakir eru” vofir starfsmisur yfir. Eins og þetta væri ekki nóg er einnig í 40. gr., sbr. 53. gr., laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur

---

<sup>1</sup> Feitletrun BHM.

starfsmanna ríkisins lögð refsing við því ef embættismenn „efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.”

Af framangreindu er ljóst að löngu er tímabært að endurskoða og samræma þær reglur sem gilda um samskipti aðila á vinnumarkaði enda ríkir eftir hjálagðan dóm Félagsdóms (fskj 1) óvissa um gildi laganna – og þar með veruleg réttaróvissa – auk þess sem aðilar sem starfa samkvæmt lögnum hafa sammælt um að víkja frá þeim þegar við á.

Lögin eru meðal helstu leikreglna sem gilda á hinum opinbera vinnumarkaði. Lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna – sem þegar er mun þrengri en reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði segja til um, sbr. hjálagt yfirlit (fskj 2) með samanburði á ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 75/1996, annars vegar og laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hins vegar (að teknu tilliti til breytingar samkvæmt héruræddu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á síðarnefndum lögum).

Af fylgiskjalinu má ráða að óskiljanlegt misræmi er á réttindum og skyldum aðila á vinnumarkaði – opinberum starfsmönnum í óhag.

#### Tillaga BHM

BHM leggur *adallega* til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

### IV

#### **Lögþvingun í stað samkomulags**

Í upphafsorðum almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu er vikið að svonefndri friðarskyldu sem ríkir meðan kjarasamningar eru í gildi. Með því að leggja fram frumvarpið og hinsa tillögur heildarsamtaka opinberra starfsmanna hefur ríkisstjórnin hins vegar rofið friðarskyldu enda eru umrædd lög ekki aðeins sett að höfðu samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna eins og svo mörg önnur lög; lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru beinlínis sett á grundvelli samkomulags sem undirritað var af fulltrúum BHM, BSRB og Bandalags kennarafélaga hinn 24. nóvember 1986.

Með frumvarpinu ætlar annar aðilinn sem starfar eftir lögnum – sem fer jafnframt með löggjafarvaldið – að breyta þeim einhliða og án samráðs, hvað þá með samkomulagi, við viðsejendur sína eins og þegar lögin voru sett. Tillögum heildarsamtaka opinberra starfsmanna, sem gerðar voru á fundi sem samtökin óskuðu eftir og í bréfi, hefur enn ekki verið svarað efnislega.

#### Tillaga BHM

BHM leggur *adallega* til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

### V

#### **Meðalhóf**

Eins og fram kemur í kafla III og hjálögðu yfirliti (fskj 2) með samanburði á tveimur meginbálkum vinnulöggjafarinnar eru opinberum vinnuveitendum þegar tryggð



nægileg úrræði til þess að bregðast við svonefndum fjöldauppsögnum opinberra starfsmanna.

Í *fyrsta* lagi er forstöðumönnum ríkisstofnana nú þegar tryggt mjög óvenjulegt og íþyngjandi lagaúrræði í 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til þess að lengja uppsagnarfrest starfsmanna í tilvikum sem þessum; slíkt úrræði hafa atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði ekki. Ekkert matskennt skilyrði er þar sett – öfugt við frumvarpsgreinina – í þá veru að um sé að ræða

- a) samantekin ráð eða
- b) tiltekið markmið.

Aðeins er gerð hlutlæg krafa um að

„svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein innan stofnunar að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt.”

Í gildandi lögum er því þegar að finna viðtækara úrræði til handa forstöðumönnum – að vísu án refsivíðurlaga, sbr. um það nánar í kafla VI. Ef ríkisstjórninni er alvara með þeim rökstuðningi að samræma vinnulöggjöf væri því eðlilegt – verði frumvarp þetta að lögum – að afnema þá um leið lagaheimild forstöðumanna til þess að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði.

Í *öðru* lagi hafa vinnuveitendur í hendi sér að fyrirbyggja að þau tilvik, sem hindra á með lagafrumvarpinu, komi nokkurn tíma (framvegis) upp. Í almennum athugasemdum í greinargerð segir að í kjölfar uppsagna starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera vegna óánægju með launakjör hafi<sup>2</sup>

„ávallt fylgt viðræður milli starfsmanna og hlutaðeigandi aðila hjá hinu opinbera. Viðræðunum hefur ætíð lyktað með einhvers konar *samkomulagi* eða *samningi* um launahækkanir til starfsmanna sem þá hafa dregið uppsagnir sínar til baka eða sótt aftur um fyrri störf.”

Af þessu er ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér ekki einungis að setja bönd á atvinnu- og samningsfrelsi opinberra starfsmanna heldur einnig samningsfrelsi ráðherra og forstöðumanna opinberra stofnana. Réttara væri að hver vinnuveitandi setti innri reglur um viðbrögð forstöðumanna stofnana ef slík tilvik koma upp; í stað þess er sett bannregla til þess að leysa innri stjórnunarföndu.

Í ljósi þessa skerðir frumvarpið *annars vegar* – verði það óbreytt að lögum – stjórnarskrárvarið *atvinnufrelsi*, sbr. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Þar sem jafnframt er um *refsilöggjöf* að ræða, sbr. 35. gr. laga nr. 94/1986<sup>3</sup> og tilvitnuð ákvæði laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna, er *hins vegar* líklegt að það verði talið stangast á við skráðar og óskráðar *meðalhófsreglur* stjórnлага að leggja refsingu við uppsögnum opinberra starfsmanna þegar næg önnur úrræði – og vægari – eru tiltæk; þar er bæði um að ræða *lagaleg* úrræði<sup>4</sup> og

<sup>2</sup> Skáletrun BHM.

<sup>3</sup> Þar segir: „Brot á lögum þessum varða sektum.”

<sup>4</sup> Þ.e. tilvitnað ákvæði 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

*raunveruleg* viðbrögð.<sup>5</sup> Minnt skal á að meðalhófsreglan er innbyggð í mörg mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar – m.a. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi þar sem gerð er krafa um að „almannahagsmunir” krefjist þess ef því frelsi á að setja skorður.

#### Tillaga BHM

Til *vara* leggur BHM til að forseti vísi lagafrumvarpi þessu frá skv. 42. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis. Að öðrum kosti er lagt til að afnumin verði heimild forstöðumanna til þess að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði skv. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VI

### **Lagatæknilegar þversagnir**

Í dómi Félagsdóms hinn 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 í máli Launanevndar sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara – sem er yfirlýst tilefni frumvarpsins – var félagið sýknað af kröfu sveitarfélagsins um viðurkenningu á því að uppsagnir 12 leikskólakennara hefðu verið brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmet vinnustöðvun.

Vandséð er hvernig frumvarpið gæti haft áhrif á sambærilegt mál og hver réttaráhrif ákvæðisins eiga að vera verði það að lögum. Í frumvarpinu er ekki vikið að því grundvallaratriði; verði frumvarpið óbreytt að lögum er sú leið ein lagalega tæk að lögreglustjóri í því umdæmi þar sem opinberir starfsmenn segja upp störfum í hóp hefji opinbera rannsókn á málinu og gefi út ákæru, sbr. 28. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með síðari breytingum, enda eru lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því leyti refsilög, sbr. 35. gr. laganna þar sem segir:

„Brot á lögum þessum varða sektum.”

Vakin skal athygli á því að opinber mál (refsimál) heyra ekki undir Félagsdóm, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

#### Tillaga BHM

BHM leggur *adallega* til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

## VII

### **Ójafnræði miðað við fyrirmyndina**

Þvert á yfirlýstan tilgang ríkisstjórnarinnar með frumvarpinu, sbr. kafla III og fskj 2, er að finna í frumvarpsgreininni innra ósamræmi – og þar með ójafnræði – miðað við þá fyrirmynd sem skírskotað er til í greinargerðinni. Í 19. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 4. gr. laga nr. 75/1996, er ekki aðeins lagt bann við verkföllum og verkbönum (1. ml.) heldur einnig sambærilegum aðgerðum „*af hálfu atvinnurekenda* eða launamanna” (2. ml.). Í frumvarpsgreininni er aðeins rætt um aðrar sambærilegar aðgerðir *af hálfu starfsmanna*”. Í greinargerðinni er því haldið

---

<sup>5</sup> Þ.e. það raunverulega („faktiska“) úrræði að semja ekki um launahækkun eða endurkomu.

fram að um sé að ræða efnislega samhljóða ákvæði en aðeins orðalagið sé „ekki alveg eins“; því fer víðsfjarri.

Þótt rétt sé að fjármálaráðherra, ríkisstofnanir og aðrar opinberar stofnanir sem heyra undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna geti ekki beitt *löglegu* verkbanni eins og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði hafa fræðilegan rétt til eru dæmi um að opinberir vinnuveitendur beiti hópuppsögnum og segi upp – eða hóti að segja upp – ráðningarkjörum hóps starfsmanna. Slík aðgerð uppfyllir það grundvallarskilyrði frumvarpsgreinarinnar að uppsögnin sé gerð „í því skyni að ná tilteknu [...] markmiði.“ Þar með hefði slík aðgerð fullnægt því skilyrði frumvarpsgreinarinnar að vera sambærileg – og þar með *ólögleg* – ef ríkisstjórnin hefði ekki ákveðið að leggja til að vinnuveitendur væru undanskildir.<sup>6</sup>

Þörfin á jafnræði opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisstofnana og annarra opinberra vinnuveitenda hins vegar er enn brýnni en ella í ljósi þeirrar afstöðu fulltrúa fjármálaráðherra að undanskilja eigi hið opinbera frá lögum um hópuppsagnir, sem stendur til að breyta að frumkvæði félagsmálaráðherra, en lögin veita starfsmönnum vernd gegn hópuppsögnum af hálfu vinnuveitenda.

#### Tillaga BHM

Verði ekki fallist á aðal- eða varatillögu BHM leggur BHM til *þrautavara* til að ákvæði frumvarpsins verði samræmt þannig að efnisregla þess taki jafnt til beggja aðila á vinnumarkaði og að nauðsynleg úrræði eða viðurlög samkvæmt lögunum taki mið af því.

### VIII

#### **Hæfi fjármálaráðherra til að framkvæma lögin**

Hvað sem líður annmörkum á *valdbærni* ráðherra að gildandi lögum til þess að fara með framkvæmd laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og eiga frumkvæði að því að leggja til breytingar á þeim – eða hafna lagabreytingum (kafli I) – skal eftirfarandi tekið fram um *hæfi* fjármálaráðherra til þess.

BHM telur að það samrýmist ekki grunnreglum stjórnskipunar landsins að lög mæli svo fyrir – eða að þau séu skýrð á þann hátt – að sá ráðherra, stjórnmalamaður, sem lögum samkvæmt fer með fyrirvar ríkissjóðs við *gerð* kjarasamninga og framseljanlegt og afturkallanlegt fyrirvar ríkissjóðs við *framkvæmd* kjarasamninga skv. 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé um leið sá eini sem getur

- a) átt frumkvæði að því að leggja til breytingar á þeim lögum – vinnuveitendum í hag – og
- b) hafnað öðrum breytingum.

Um er að ræða ójafnræði milli vinnuveitanda og starfsmanna og samtaka þeirra sem ekki stenst 2. gr., 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og grunnreglu 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

---

<sup>6</sup> Skiptir þá ekki máli þótt eðli málsins samkvæmt sé sjaldnast um að ræða *sameiginlegt* markmið fleiri en eins vinnuveitanda – enda er slíkt ekki heldur hugtaksskilyrði fyrir verkbönnum atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði.



Sambærilegar athugasemdir hafa nýverið verið settar fram af hálfu samkeppnisráðs um að ríkisstjórnin endurskoði eignarhald ríkisfyrirtækja í samkeppnisrekstri þar sem óheppilegt sé að sá sem setji leikreglur stýri fyrirtæki í samkeppni; þessi efnisrök eiga ekki síður við um stöðu fjármálaráðherra gagnvart stéttarfélögum opinberra starfsmanna en sjónarmiðið vegur enn þyngra hér þar sem um er að ræða stjórnarskrárvarin réttindi.

Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að niðurstaða Félagsdóms kalli á að ákvæðum umræddra laga verði breytt „að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur“<sup>7</sup> – en sem sagt ekki að öðru leyti. Um er að ræða valkvætt réttlæti; sú breyting sem felst í frumvarpinu er aðeins miðuð við hagsmuni annars aðilans – sem auk þess fer með löggjafarvaldið – og er því ekki í anda friðarskyldu.

Þótt um sé að ræða sameiginlegar leikreglur hefur núverandi fjármálaráðherra sýnt hlutdrægni sína í verki með því að hunsar allar tillögur heildarsamtaka opinberra starfsmanna í samræmisátt, sbr. hjálagað bréf formanns BHM til fjármálaráðherra, dags. 9. nóvember 1999 (fskj 3), og hjálagað bréf fyrirvarsmanna BSRB, KÍ og BHM til fjármálaráðherra, dags. 19. nóvember 1999 (fskj 4); eins og áður segir hefur bréfunum enn ekki verið svarað bréflaga og ekki efnislega á fundi sem samtökin óskuðu eftir hinn 30. nóvember 1999 þegar ljóst var að frumvarpið hafði þegar verið lagt fram. Vanhæfissjónarmið styrkjast enn frekar í ljósi forsögu málsins – sem er sú að formaður Launanevndar sveitarfélaga tapar dómsmáli fyrir Félagsdómi. Handhafar löggjafarvaldsins virðast hætta að virða niðurstöður þessa sjálfstæða vinnumarkaðsdómstóls – sem eru launafólki í hag – því síðast þegar ríkið stóð fyrir sambærilegri aðför að réttarstöðu opinberra starfsmanna fyrir áratug var það einnig í kjölfar þess að opinberir starfsmenn unnu mál fyrir Félagsdómi; sú skerðingarlöggjöf var ekki talin standast óskráða jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sbr. H 1992:1962. Sama má segja um svonefnt Landmælingamál þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu 18. desember 1998 að ákvörðun ráðherra um flutning ríkisstofnunar stæðist ekki stjórnlag.

#### Tillaga BHM

Hvað sem öðru líður leggur BHM því til að tekin verði af tvímæli um að félagsmálaráðherra fari – og eigi að fara – með framkvæmd laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna meðan þau eru enn við lýði og frumkvæði að því er varðar breytingar á þeim. Að öðrum kosti lítur BHM svo á að forseta þingsins beri að vísa lagafrumvarpi þessu frá skv. 42. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis.

## IX

### **Efnisatriði**

Að öllu þessu frágengnu lýsir BHM sig reiðubúið til þess að senda fulltrúa sína til viðræðna við fastanefndir Alþingis um málið, svo og við hlutaðeigandi ráðherra um öll atriði gildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna í tengslum við heildarendurskoðun þeirra.

---

<sup>7</sup> Skáletrun BHM.

Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn segi upp störfum sínum til þess að ná fram sameiginlegu markmiði. Fullur vilji hefur verið til þess að ræða um slíkar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samhliða öðrum breytingum á lögnum.

#### Tillaga BHM

Í ljósi framangreinds ítrekar BHM þá *aðaltillögu* sína að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

## X

### Lokaorð


Sú breyting sem felst í frumvarpinu er aðeins miðuð við hagsmuni annars aðilans – sem auk þess fer með löggjafarvaldið. BHM telur að með slíkri *lögþvingun* í stað samkomulags, sbr. kafla IV, felist *misbeiting ríkisvalds* sem samrýmist ekki grunnreglum stjórnskipunarinnar eins og nánar er vikið að í kafla VIII í umsögninni hér að ofan. Þegar við bætast *stjórnskipulegir annmarkar* – bæði á framlagningu frumvarpsins, sbr. kafla I, og efni þess, sbr. kafla V, *lagatæknilegar þversagnir*, sbr. kafla VI, innra *ójafnræði* í frumvarpinu, sbr. kafla VII, og dómur Félagsdóms um að tiltekin ákvæði gildandi laga stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um *félagafrelsi*, sbr. kafla II, verður að telja að svo breyttum lögum verði vart beitt gagnvart þeim sem lögnum er ætlað að taka til. Mikilvægt er að sátt ríki milli aðila um samskiptareglur á vinnumarkaði þannig að lögnum verði fylgt af einlægni.

Eina úrræðið er því að allir sem hlut eiga að máli, sbr. kafla IX, ræði heildarendurskoðun – ef ekki afnám – laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eins og lagt er til í kafla III, í því skyni að koma til móts við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um samræmingu vinnulöggjafar.

Virðingarfyllst,



Björk Vilhelmsdóttir,  
formaður BHM.



Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

### Fylgiskjöl:

1. Dómur Félagsdóms frá 23. desember 1999 í máli nr. 9/1999.
2. Yfirlit með samanburði á ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 75/1996, annars vegar og laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hins vegar (að teknu tilliti til breytingar samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á síðarnefndum lögum).
3. Afrit bréfs formanns BHM til fjármálaráðherra, dags. 9. nóvember 1999.
4. Afrit bréfs fyrirsvarsmanna BSRB, KÍ og BHM til fjármálaráðherra, dags. 19. nóvember 1999.



**ENDURRIT  
ÚR  
DÓMABÓK FÉLAGSDÓMS**

**Málið nr. 9/1999.**

**Véltjórafélag Íslands**

**gegn**

**Reykjavíkurborg og**

**Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar**

**Dómur 23. desember 1999**

Ár 1999, fimmtudaginn 23. desember, er í Félagsdómi í málinu nr. 9/1999.

Véltjórafélag Íslands

gegn

Reykjavíkurborg og

Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. desember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arngrímur Ísberg, Gísli Gíslason og Gunnar Sæmundsson.

**Stefnandi** er Véltjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

**Stefndu** eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

#### **Dómkröfur stefnanda**

1. Að viðurkennt verði að stefnandi, Véltjórafélag Íslands, fari með samningsaðild fyrir vélfræðingana Önnu Kristjánsdóttur, kt. 301251-2979, Arnar Laxdal Snorrason, kt. 060241-4229, Halldór Sigurðsson, kt. 110734-4339, Jóhann Kristjánsson, kt. 060752-3119, Karl Karlsson, kt. 261235-7499, Kristin Gíslason, kt. 251145-4079, Kristin Héðinsson, kt. 040657-3479, Kristin Rafnsson, kt. 240754-4449, Markús J. Ingvason, kt. 021254-4019, Pétur Jónsson, kt. 100944-2949, Sigurjón Ásgeirsson, kt. 280361-4459, Sigurð E. Sigurðsson, kt. 210436-3759, Skúla K. Gíslason, kt. 130738-2659, Svein Rúnarsson, kt. 190854-5749, Sverri Sæmundsson, kt. 170645-3759, Þorstein I. Kragh, kt. 151236-3839 og Örn Tyrfingsson, kt. 051245-4669 við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem vélfræðinga hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
2. Að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

#### **Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar**

Krafist er sýknu að öllum kröfum stefnanda.

Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

### **Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**

Krafist er sýknu af kröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að mati Félagsdóms.

#### **Málavextir**

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að í janúarmánuði 1985 hafi 19 vélfræðingar hjá Vatnsveitu, Hitaveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ritað bréf til stjórnar stefnanda og farið þess á leit við stjórn félagsins að kannaðir yrðu möguleikar þeirra á að komast á orkuverasamninga félagsins. Stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, hafi þá farið með samningsmál þeirra og hafi vélfræðingunum þótt nauðsynlegt að stjórn stefnanda hæfi könnunarviðræður við stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, hvort félagið væri tilbúið til að gefa stefnanda eftir samningsrétt þeirra. Í framhaldi af þessari beiðni vélfræðinganna hafi formaður stefnanda sent bréf dagsett 7. mars 1985 til stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkur, með ósk um að stefndi eftirléti stefnanda samningsumboð nefndra vélfræðinga. Í bréfi dagsettu 11. mars 1985 hafi formaður stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, tilkynnt formanni stefnanda, að það væri ekki á valdi félagsins að framselja samningsréttinn. Máli sínu til stuðnings hafi hann bent á 1. og 2. gr. samþykktar Borgarráðs Reykjavíkur frá því í september 1953 og 45. og 46. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna frá 1967. Í 46. gr. reglugerðarinnar hafi sagt að öllum starfsmönnum borgarinnar og fyrirtækja hennar, sem háðir væru ákvæðum reglugerðarinnar, væri skylt að vera í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Formaður stefnanda hafi sent Borgarráði Reykjavíkur bréf dagsett 31. maí 1985 og farið þess á leit að stefndi, Reykjavíkurborg, viðurkenndi stefnanda sem réttmætan samningsaðila þessara manna. Með bréfi dagsettu 5. júní 1985 hafi Borgarstjórnin í Reykjavík hafnað ósk formanns stefnanda; borgarráð hafi ekki talið sér fært að verða við erindinu enda væri samið um kjör umræddra starfsmanna við stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Í framhaldi af þessu svari Borgarstjórnar í Reykjavík hafi vélfræðingarnir sent bréf dags. 14. júní 1985 til Launamálanefndar Reykjavíkur. Hafi þeir vakið athygli á því að allt frá stofnun Hitaveitu Reykjavíkur hefðu þeir verið í sama launaflokki eða jafnvel einum hærri en vélstjórar í raforkuverum Reykjavíkurborgar enda með sömu menntun og störfin hliðstæð. Eftir að Landsvirkjun hefði verið stofnuð, en hún væri að hálfu í eigu stefnda, Reykjavíkurborgar, hafi fljótlega orðið mikil breyting til hins verra í launamálum þeirra. Launabilið hefði síðan stöðugt breikkað. Sama þróun hefði átt sér stað varðandi samanburð á launum þeirra við laun þeirra vélfræðinga sem störfuðu hjá Hitaveitu Suðurnesja. Um mitt árið 1985 hefðu vélfræðingar fyrrgreindra fyrirtækja hafi að jafnaði um 30% hærri laun en



vélfræðingarnir hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkurborgar. Hafi þeim þótt þetta skjóta skökku við enda um sömu störf að ræða, sama réttindaáskilnað og sama vinnuveitanda. Hafi þeim því þótt óviðunandi að eiga þess ekki kost að geta gengið í sitt fagfélag, stefnanda, Vélstjórafélag Íslands, í stað stéttarfélags sem stefndi, Reykjavíkurborg, hefði skipað þeim að vera í og sæi um kjarasamninga fyrir fjöldann allan af ófaglærðum launþegahópum.

Um þróun mála næstu fjögur árin er vísað til bréfs sem Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar ritaði borgarráði Reykjavíkurborgar þann 6. nóvember 1989. Bréfið hafi verið lagt fram á fundi borgarráðs Reykjavíkur þann 12. desember 1989 og hafi erindi vélfræðinganna þá verið hafnað.

Í bréfi til Starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar dags. 1. apríl 1990 undirrituðu af 13 vélfræðingum Hitaveitu Reykjavíkur, hafi komið fram hörð gagnrýni á launakjör vélfræðinga Hitaveitunnar í samanburði við launakjör annarra vélfræðinga sem hefðu haft sams konar starfsemi með höndum. Hafi í þeim efnum aðallega verið vísað til starfandi vélfræðinga hjá Landsvirkjun. Með þessu bréfi vélfræðinganna hafi fylgt bréf frá Sverri Axelssyni, en hann hafi verið fulltrúi í fulltrúaráði við stofnun Landsvirkjunar árið 1965 og seinna í stjórn stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Þá hafi hann átt sæti í fulltrúaráði Vélstjórafélags Íslands. Í bréfinu sem dagsett væri 25. nóvember 1989, greini Sverrir frá því að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi sagt upp starfsmönnum við Elliðaár- og Sogsvirkjun frá og með 1. janúar 1966. Uppsagnirnar og framtíð starfsmannanna hafi mikið verið ræddar í báðum hagsmunafélögum þeirra. Fljótlega hafi orðið ljóst að Vinnuveitendasamband Íslands myndi fara með gerð samninga fyrir hönd Landsvirkjunar. Þann 9. mars 1967 hafi þeir Halldór Jónatansson og Ingólfur Ágústsson síðan undirritað kjarasamning fyrir hönd Landsvirkjunar með fyrirvara. Strax hefði þótt sýnt að þeir starfsmenn sem starfa áttu eftir samningnum hefðu mun betri kjör en þeir höfðu haft sem fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Máli þessu hafi lítið sem ekkert verið hreyft í nálega 6 ár eða allt þar til að 18 vélfræðingar hjá Hitaveitu, Rafmagnsveitu og Vatnsveitu Reykjavíkurborgar hafi ritað Starfsmannahaldi Reykjavíkur bréf dagsett 17. maí 1996. Óskir vélfræðinganna hafi beinst enn sem fyrr að því að öll samningsbundin gjöld yrðu greidd til Vélstjórafélags Íslands og jafnframt að félagið færi með samningsrétt fyrir þeirra hönd. Afrit af bréfinu hafi verið sent borgarstjóranum í Reykjavík, Starfsmannafélagi Reykjavíkur og formanni Veitustofnana. Bréfinu hafi hins vegar ekki verið sinnt. Efnislega sams konar bréf hafi verið sent Starfsmannahaldi Reykjavíkur þann 5. mars 1997 og afrit þess verið sent borgarstjóranum í Reykjavík, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, formanni Veitustofnana og Vélstjórafélagi Íslands. Í þetta sinn hafi verið veittur svarfrestur til 30. apríl sama ár. Bréfinu hafi hins vegar ekki verið svarað fyrr en rúmum 9 mánuðum síðar eða þann 12. desember 1997.

Vélfræðingarnir hafi sagt sig formlega úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dagsettu 23. janúar 1998, og afrit þess bréfs hafi verið sent til Starfsmannahalds Reykjavíkur. Á þessum tímapunkti hafi vélfræðingunum þótt ljóst að höfða yrði dómsmál til að fá rétt þeirra staðfestan til skýlausrar inngöngu í Vélstjórafélag Íslands. Þeir hafi nokkrum sinnum talið sig hafa sagt sig úr félaginu en hafi formsins vegna viljað að slík yfirlýsing yrði afdráttarlaus. Stefndi, Reykjavíkurborg, hafi ekki sinnt erindi vélfræðinganna í nefndu bréfi og af þeim sökum hafi lögfræðingur Vélstjórafélags Íslands ritað bréf til Starfsmannafjónustu Reykjavíkurborgar dagsett 9. mars 1998 og hafi þá kröfur vélfræðinganna verið itrekaðar. Í bréfi dagsettu 8. apríl 1998 hafi framangreindu bréfi verið svarað af hálfu deildarlögfræðings Starfsmannafjónustu Reykjavíkurborgar fyrir hönd stefnda, Reykjavíkurborgar. Enn og aftur hafi kröfum vélfræðinganna verið hafnað.

Með bréfi dagsettu 12. maí 1998 hafi stefnandi farið þess á leit við borgarstjóran í Reykjavík að Reykjavíkurborg greiddi gjöld samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar f.h. vélfræðinganna við Reykjavíkurborg til stefnanda. Fyrstu greiðslur ættu að berast vegna maímánaðar í upphafi júnímánaðar. Hefðu greiðslurnar ekki borist fyrir 15. júní 1998 mætti búast við málssókn Vélstjórafélags Íslands á hendur Reykjavíkurborg án frekari fyrirvara.

Erindi Vélstjórafélags Íslands hafi verið svarað með bréfi dagsettu 2. júní 1998, undirrituðu af borgarstjóranum í Reykjavík. Í bréfinu hafi komið fram að á fundi borgarráðs hefði verið samþykkt að vísa erindinu til borgarlögmanns og jafnframt hefði verið óskað eftir því að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kæmi að málinu. Lögfræðingur Vélstjórafélags Íslands hafi sent borgarstjóranum í Reykjavík bréf dagsett 5. ágúst 1998. Í niðurlagi bréfsins segi að með bréfi dagsettu 2. júní 1998, undirrituðu af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, borgarstjóra, komi fram að á fundi borgarráðs þann sama dag hafi verið samþykkt að vísa erindi Vélstjórafélags Íslands, dagsettu 12. maí 1998 til meðferðar borgarlögmanns. Þar sem rúmír tveir mánuðir væru liðnir frá dagsetningu umrædds bréfs og ekkert hefði enn heyrst frá borgarlögmanni, tilkynntist að ef umræddar greiðslur hefðu ekki borist Vélstjórafélagi Íslands við uppgjör til starfsmanna 1. september 1998, myndi félagið neyðast til að höfða mál gegn Reykjavíkurborg án frekari fyrirvara. Engin svör hafi þó borist frá Reykjavíkurborg en með bréfi dagsettu 22. september 1998 hafi Gestur Jónsson hrl. gefið upp það álit sitt, fyrir hönd Starfsmannafjónustu Reykjavíkurborgar, að stefndu bæru í engu að verða við kröfum stefnanda vegna starfa vélfræðinganna 17. Stefnandi hafi ekki fallist á þetta álit Gests Jónssonar hrl. og þar sem stefndu virtust hafa ætlað að láta hér við sitja hafi málssókn þótt nauðsynleg. Málinu hafi verið stefnt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem hafi vísað málinu frá með úrskurði dags. þann 15. júní 1999, að kröfu stefndu, með þeim rökum að ágreiningsefnið ætti undir Félagsdóm.

Úrskurður Héraðsdóms hafi verið kærður til Hæstaréttar þann 29. júní 1999 og hafi Hæstiréttur staðfest úrskurðinn þann 23. ágúst sama ár í máli nr. 270/1999. Af þessum sökum væri málshöfðun þessi fyrir Félagsdómi nauðsynleg.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi kveðst byggja á því að stefndu hafi brotið gegn 72., 73. og 74 gr. stjórnarskrárinnar, auk 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. A-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. A-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 og 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með því að viðurkenna ekki samningsaðild stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, vegna vélfræðinganna 17 sem starfa hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

#### *Úrsögn vélfræðinganna 17 úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.*

Stefnandi kveður að úrsögn vélfræðinganna úr Starfsmannafélagi Reykjavíkur hafi átt sér stað í janúar 1998. Samkvæmt 4. gr. laga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skuli úrsögn úr félaginu vera skrifleg og fyrst geta tekið gildi 3 mánuðum eftir að hún berist félaginu. Vélfræðingarnir hafi sagt sig úr félaginu frá 1. febrúar 1998 að telja og hafi úrsögnin því orðið virk þann 1. maí 1998. Frá 1. maí 1998 hafi vélfræðingarnir því verið félagsmenn Vélstjórafélags Íslands.

#### *Inngönguskilyrði vélfræðinganna 17 í Vélstjórafélag Íslands.*

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga Vélstjórafélags Íslands geti þeir orðið félagsmenn sem lokið hafi fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hafi auk þess lokið sveinsprófi í málmiðnaðargrein, sem viðurkennd sé til fyllstu atvinnuréttinda vélstjóra. Vélfræðingarnir 17 uppfylli þessar kröfur Vélstjórafélags Íslands og að innganga þeirra í félagið frá og með 1. maí 1998 hafi því verið að fullu viðurkennd. Stefnandi hafi því samningsrétt f.h. vélfræðinganna enda segði í a-lið 1. mgr. 2. gr. laga Vélstjórafélags Íslands, að tilgangur félagsins sé að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og vélavarðastéttarinnar og semja um kaup þeirra og kjör við vinnuveitendur.

#### *Samningsréttur skv. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnuáttur.*

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna hætti félagsmaður stéttarfélags að vera bundinn af samþykktum félags síns þegar hann sé samkvæmt reglum félagsins farinn úr því en þeir samningar sem hann hafi orðið bundinn af á meðan hann hafi verið félagsmaður séu skuldbindandi fyrir hann meðan hann ynni þau störf sem samningurinn væri um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn. Sá kjarasamningur sem nú væri í gildi milli vélfræðinganna og



stefnda, Reykjavíkurborgar, og gerður var á milli stefnda Reykjavíkurborgar og stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, félli úr gildi þann 31. október árið 2000, sbr. ákvæði gr. 12.1.1 í kjarasamningnum. Með vísan til ákvæðis 6. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir að hafi samningi ekki verið sagt upp innan tiltekins uppsagnarfrests, teljist hann framlengdur um eitt ár og ákvæðis 11. gr. laga nr. 94/1986 um að samningur framlengist um 6 mánuði hafi honum ekki verið sagt upp réttilega, beri stefnanda nauðsyn á að fá viðurkenndan samningsrétt sinn við stefnda, Reykjavíkurborg, f.h. vélfræðinganna, frá 1. maí 1998 að telja, svo að stefnanda væri unnt að sjá til þess að þeim samningi sem vélfræðingarnir séu nú á yrði sagt upp með lögmætum fyrirvara skv. áskilnaði framangreindra ákvæða.

Í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar segi að engan megi skylda til aðildar að félagi en með lögum mætti þó kveða um slíka skyldu ef það væri nauðsynlegt til að félag gæti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Aðild að félagi feli í sér rétt til að krefjast þess að félagið sæi um kjarasamninga einstakra félagsmanna. Stefndu telji þó að vélfræðingunum sé heímilt að vera félagsmenn stefnanda en stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, fari þó engu að síður með samningsrétt þeirra við stefnda, Reykjavíkurborg. Stefndu byggji þá niðurstöðu sína á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 1. gr. laganna segi að lögin gildi um alla starfsmenn sem séu félagar í stéttarfélögum sem samkvæmt 4. og 5. gr. laganna hafi rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og séu ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda væri starf þeirra talið aðalstarf. Lögin gildi með öðrum orðum ekki um starfsmenn hins opinbera sem eigi aðild að félögum sem lögin telji ekki ciga undir 4. og 5. gr. laganna. Stefndu hafi viðurkennt aðild vélfræðinganna 17 að Vélstjórafélagi Íslands enda væri annað útilokað samkvæmt skýrum ákvæðum 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Teljist stefnandi ekki stéttarfélag í skilningi laga 94/1986, fari ekki um samninga þess fyrir hönd vélfræðinganna sautján við stefnda, Reykjavíkurborg, samkvæmt lögnum. Um samningana fari þá samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sem væru hin almennu lög um gerð kjarasamninga.

*Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna brjóti gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar.*

Ef ekki yrði fallist á framangreinda túlkun stefnanda er á því byggt að lög nr. 94/1986 séu andstæð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi enda veiti þau tilteknum stéttarfélögum aukið vægi framfar öðrum. Á það er bent að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi verið sett árið 1986 en stjórnarskrárbreytingin sem staðfest hafi félagafrelsi vélfræðinganna 17 hafi átt sér stað árið 1995. Stjórnarskráin væri æðri almennum lögum; lex superior og yngri lög ryddu eldri lögum út stönguðust þau á; lex posterior. Hér væri ekki um það að ræða hvort

vélfræðingarnir vildu standa utan félaga (neikvætt félagafrelsi); þeir vildu eiga valfrelsi milli félaga en slíkt frelsi væri grundvallarþáttur ákvæðis 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og félli undir skilgreininguna á jákvæðu félagafrelsi.

*Samningsréttur samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986.*

Ef ekki yrði fallist á að lög nr. 80/1938 eigi við um samningagerð milli stefnanda og stefnda, Reykjavíkurborgar, og að 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún hljóði eftir breytinguna árið 1995, ryðji út framangreindum lögum, þá yrði á því byggt að stefnandi ætti samningsrétt við stefnda, Reykjavíkurborg, á grundvelli 3. tl 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna gagnvart ríki og borg á ýmsum atvinnusviðum. Þannig fari stefnandi með samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu fyrir hönd þeirra félagsmanna sem t.a.m. starfi hjá Landhelgisgæslunni, sbr. framlagt ljósrit úr kjarasamningi, Hafrannsóknarstofnun, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, Rafmagnsveitu ríkisins, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, Varnarliðinu, samtals 33 félagsmenn, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, samtals 4 félagsmenn, sbr. framlagðar skilgreinar og Hitaveitu Suðurnesja, sbr. kjarasamning og skilgreinar. Því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu hins opinbera að stefnandi væri viðurkenndur samningsaðili fyrir hönd þessara félagsmanna sinna á grundvelli laga nr. 94/1986. Þá er þess getið að nú séu starfandi 51 félagsmaður stefnanda hjá Landsvirkjun sem að hálfu sé í eigu ríkisvaldsins og að hálfu í eigu Reykjavíkurborgar, sbr. skilgreinar frá Starfsmannadeild Landsvirkjunar dags. 30.10.1998 og ljósrit úr kjarasamningi. Að viðbættum þeim 17 félagsmönnum stefnanda sem störfuðu hjá veitum Reykjavíkurborgar, þá bættust við 51 félagsmaður sem starfaði fyrir stefnda, Reykjavíkurborg hjá Landsvirkjun. Samtals væru þetta því 68 félagsmenn en 3. töluliður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986 áskildi 40 eða fleiri félagsmenn. Við þá tölu mætti síðan bæta 42 félagsmönnum stefnanda sem væru á félagsskrá samkvæmt upplýsingum Launadeildar ríkisins. Þá hafi stefnandi gert kjarasamninga við hið opinbera vegna starfandi vélfræðinga hjá Áburðar- og Sementsverksmiðju ríkisins, meðan verksmiðjurnar voru í opinberri eigu.

Yrði að telja áskilnaði ákvæðisins um 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögum heyrðu og mynduðu starfsstétt með formlega menntun sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda fullnægt hér enda sé stefnandi eini samningsaðili vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á Íslandi og hafi innan sinna vébanda hálf þriðja þúsund félagsmanna. Störf vélfræðinganna 17 séu að flestu ef ekki að öllu leyti sambærileg við störf þeirra vélfræðinga sem störfuðu hjá Landsvirkjun. Um sé að ræða stjórnunarstöður sem vélfræðingar séu taldir best fallnir til að sinna. Bent er á að sérstaklega sé auglýst eftir mönnum með slíka menntun þegar störf á þessu sviði losnuðu. Stefnandi uppfyllti því í einu og öllu áskilnað laga nr. 94/1986 um samningsrétt við stefnda, Reykjavíkurborg.

*Stefnandi sé félag manna sem lokið hafa tiltekinni formlegri menntun.*

Bent er á að samkvæmt lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, þá yrðu þeir sem hygðust stunda vélgæslustörf á íslenskum skipum að uppfylla tiltekið skilyrði sem nánar sé kveðið á um í lögnum. Vélfræðingarnir 17 sem starfi í þjónustu stefnda, Reykjavíkurborgar, uppfylli fyllstu kröfur laganna og hafi þ. a. l. greiðan aðgang að vélgæslustörfum á sjó. Þessi staðreynd hlyti að fela í sér að vélfræðingarnir 17 uppfylltu kröfur laga nr. 94/1986 um að vera í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylltu skilyrði um formlega menntun sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda. Þessi staðreynd útskýri einnig mikilvægi þess að vélfræðingarnir eigi greiðan aðgang að stéttarfélagi sínu, stefnanda, sem héldi utan um öll réttindamál þeirra og gerði kjarasamninga fyrir þeirra hönd, grundvallaða á menntun þeirra og mikilvægi.

*Stefndi hafi brotið gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.*

Með því að takmarkanir á félagafrelsi séu ekki cinungis brot gegn ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar heldur einnig gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Hafi vélfræðingarnir ekki rétt til inngöngu í fagfélag sitt, félag sem standi vörð um kaup þeirra og kjör og komi fram fyrir þeirra hönd í bæði félagslegum og lagalegum efnum, sé verið að setja tjáningarfrelsi þeirra skorður. Skoðanir þeirra og sannfæring sæti þá óviðunandi höftum sem ætti sér enga stoð með tilliti til allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Vélfræðingarnir sautján séu orðnir langþreyttir á takmörkuðum rétti sínum til tjáningar með því að vera bundnir á klafa í kjarasamningum með hópi fólks sem ætti sér enga efnislega samsvörun í launa- eða öðrum réttindamálum. Vélfræðingarnir væru þess fullvissir að þessi þvingun hafi leitt til þess að þeir hafi stórlega dregist aftur úr í launum miðað við þá vélfræðinga sem stefnandi hafi samningsumboð fyrir.

Félagsnauðung vélfræðinganna brjóti gegn tjáningarfrelsi þeirra þar sem þeir hafi ekki um aðra möguleika að velja en að vera í félagi stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sem setji þá fram skoðanir fyrir þeirra hönd. Nánari afmörkun tjáningarfrelsisins hafi oft verið mikilvæg við túlkun á félagafrelsinu þar sem ekki sé hægt að túlka félagafrelsið þröngt með tilliti til verndarsviðs tjáningarfrelsisins heldur sé þvert á móti hægt að líta á það sem sérstakt og aukið tjáningarfrelsi. Í tjáningarfrelsi felist réttur til að tjá sig en stundum myndu einstaklingar þó fremur hreinlega hafa áhuga á að þegja en að tjá sig um ákveðna hluti og teljist slíkt vera hluti tjáningarfrelsisins (neikvætt tjáningarfrelsi). Í þeirri athöfn sem felist í því að vélfræðingarnir hafi ákveðið að ganga í félag stefnanda búi ákveðin tjáning; þeir hafi lýst því yfir að þeir hafi bæði vilja og áhuga á félagsskiptunum og að stefnandi fari með samningsrétt fyrir þeirra hönd en ekki stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.



*Stefndi hafi brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.*

Stefnandi fullyrðir að vélfræðingarnir 17 séu eina fagstéttin sem eftir sé innan vébanda stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Aðrar fagstéttir; verkfræðingar, rafvirkjar, lögfræðingar og fleiri fagmenn hafi fengið að ganga í raðir fagfélaga sinna. Mismunur af þessum toga hljóti að brjóta gegn ákvæði jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst sé að starfsmenn stefnda, Reykjavíkurborgar, séu ekki allir jafnir fyrir lögum. Þannig virðist mannréttindi lögfræðinga sem starfi hjá stefnda, Reykjavíkurborg, í heiðri höfð en ekki mannréttindi vélfræðinganna sautján.

*Undantekningar frá félagafrelsi geti ekki átt við um vélfræðingana 17.*

Stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, sé fagfélag íslenskra vélfræðinga, vélstjóra- og vélavarða og fari með fyrirvar stéttarinnar í kjarasamningum og á opinberum vettvangi, t. a. m. með umsögnum á lagafrumvörpum og reglugerðum sem varði stéttina í heild sinni. Stefnandi sé starfsgreina- og hagsmunafélag en slík félög eigi það sameiginlegt að aldrei sé um að ræða beina skylduáðild að þeim samkvæmt almennum lögum eða eigin lögum og samþykktum félaganna. Félagin séu sérstaks eðlis þannig að þau berðust ekki aðeins fyrir hagsmunum félagsmanna sinna, heldur gegndu þau einnig ýmsum þjónustuhlutverkum, svo sem fræðslustarfi fyrir féлага sína. Félagar ættu einnig menntun sína sameiginlega og litu á það sem hlunnindi að eiga áðild að viðkomandi félagi. Í ljósi framangreinds gæti það aldrei vegið gegn hagsmunum samfélagsins að vélfræðingarnir fengju viðurkenndan rétt sinn til inngöngu í fagfélag sitt, stefnanda, heldur hlyti sú niðurstaða að teljast þjóðhagslega hagkvæm. Undantekningarreglur þeirra mannréttindaákvæða sem að framan greinir gætu því ekki átt við í þessu máli.

Stefnandi vísar til 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem heimild til að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á 65., 73. og 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, auk 10. og 11. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979 og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979, I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, aðallega 1., 4. og 5. gr. laganna; lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, samanber 1.-7. gr. laganna; lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum; 53. gr. sjómannalaga nr. 35/1985; 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993; kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 17. febrúar 1998; lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar útgefnum árið 1995 og lögum Vélstjórafélags Íslands útgefnum árið 1994. Um dráttarvexti vísast til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Um málskostnað vísast til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### Málsástæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar

Tekið er fram um málavexti að á liðnum árum hafi Vélstjórafélag Íslands óskað eftir því við Reykjavíkurborg að fá viðurkenndan rétt til að gera kjarasamning fyrir starfandi vélfræðinga hjá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hafi um áratugaskeið gert kjarasamning um störf vélfræðinga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og telji sig bundna að lögum til kjarasamningsgerðar við það félag um umrædda störf. Í ljósi þessa hafi Reykjavíkurborg ekki talið sér fært að verða við erindum Vélstjórafélags Íslands.

Sakarefnið snúist um það hvort stefnandi, Vélstjórafélagið, geti þvingað Reykjavíkurborg til gerðar kjarasamnings um störf sem borgin hafi þegar samið við annað stéttarfélag um. Með öðrum orðum, hafi borgin skyldu til þess að semja við hvaða stéttarfélag sem er ef starfsmenn/starfsmaður borgarinnar kjósa að ganga í félagið? Stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með vísan til 4. og 6. gr. laga nr. 94/1986 svarað þessari spurningu neitandi.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa á því byggð að umræddir vélfræðingar séu bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem fari með samningsaðild fyrir vélfræðinga. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna fari stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga með fyrirsvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga samkvæmt lögnum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna eigi þau stéttarfélög sem við gildistöku laganna hafi sérkjarasamning við fjármálaráðherra eða hafi kjarasamning við sveitarfélög rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögnum enda hafi þau óskað eftir því innan árs frá gildistöku laganna. Á grundvelli þessa lagaákvæðis sé í gildi kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Fyrir gildistöku laga nr. 94/1986 hafi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samið um starfsheiti vélfræðinga og hefur gert það slóan.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 94/1986 skuli eigi nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrri sömu starfsstétt. Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög sem starfa á grundvelli laganna rétt til að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila að uppfylltum almennum skilyrðum. Vélstjórafélag Íslands sé stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938. Ríki og/eða sveitarfélagum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við stéttarfélög sem starfa samkvæmt lögum nr. 80/1938. Heimild opinberra aðila til að gera kjarasamninga við þessi stéttarfélög takmarkist af reglum laga nr. 94/1986, m.a. 6. gr. laganna, þar sem fram er sett sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda um sömu starfsstétt. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hafi alla tíð samið við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um

starfsheiti vélfræðinga og með vísan til 6. gr. laga nr. 94/1986 sé Reykjavíkurborg óheimilt að semja um það starfsheiti við annað stéttarfélag og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum í þessu máli.

Eins og áður hafi komið fram er Vélstjórafélag Íslands stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938. Í stefnu sé því haldið fram að Vélstjórafélag Íslands geti farið með samningsrétt á grundvelli 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 og jafnframt að því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu hins opinbera að stefnandi væri viðurkenndur samningsaðili fyrir hönd þessara félagsmanna sinna á grundvelli laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi aldrei lagt fram ósk við stefnda um samningsrétt á grundvelli laga nr. 94/1986 og því síður sýnt fram á að félagið uppfylli skilyrði þeirra laga. Til þess að samningsaðild komi til greina samkvæmt 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 þurfi félag að taka til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra og séu í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna megi til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri. Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar taki ekki til 40 vélfræðinga. Fullyrðingar stefnanda um að starfsmenn Landsvirkjunar séu borgarstarfsmenn sé bæði villandi og röng. Um Landsvirkjun gildi sértök lög nr. 42/1983 með síðari breytingum. Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/1983 sé fyrirtækið Landsvirkjun sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Reykjavíkurborg er eigandi að 44,525% og fari hvorki með samningsumboð f.h. félagsins né heldur njóti starfsmenn þess réttinda borgarstarfsmanna og beri ekki skyldur sem slíkir. Í stefnu kom fram að stefnandi geri kjarasamning við Landsvirkjun vegna starfandi vélfræðinga hjá félaginu. Sú samningsaðild falli ekki undir ákvæði laga nr. 94/1986. Gildi það sama um kjarasamninga sem stefnandi hafi gert við aðra aðila, opinbera aðila sem tilgreindir séu í stefnu.

Í stefnu vísar stefnandi til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé fjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Telur stefnandi þá meginreglu verndaða af ákvæði 74. gr. stjórnarskrár og 4. gr. laga nr. 80/1938. Þá telur stefnandi að stefndi hafi með háttarlagi sínu brotið gegn ákvæðum 65., 72., 73. og 74. gr. stjórnarskrár, auk 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979 og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi. Af hálfu stefnda er því mótmælt að framangreind ákvæði hafi verið brotin og sé tilvísun til margra þeirra máli þessu óviðkomandi að mati stefnda. Þá sé það rangt, sem fram komi í stefnu, að stefndi hafi viðurkennt aðild vélfræðinganna að Vélstjórafélagi Íslands. Áréttað er að stefnda varði það engu hvaða stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsmenn eiga aðild að og því ekki á valdi stefnda að viðurkenna eða andmæla slíkri félagsaðild.

Af hálfu stefnda er á það bent að ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins hafi að geyma umfjöllun um skipulag vinnumarkaðar og sé það í samræmi við ríkjandi fyrirkomulag. Ákvæði 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins fjalli um þau atriði og sé það svohljóðandi:

“Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.”

Á grundvelli slíkra sjónarmiða sem fram koma í þessari grein stjórnarskrárinnar byggjast ákvæði laga um samningsaðild stéttarfélaganna og skipulag hins íslenska vinnumarkaðar. Stefnandi og stefndi séu báðir bundnir af því lagaumhverfi sem í gildi séu og standi lög gegn því að heimilt sé að verða við kröfum stefnanda í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að í afstöðu hans felist brot á ákvæðum 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins þar sem kveðið sé á um friðhelgi eignarréttarins. Stjórnarskrárákvæði þetta takmarki ekki rétt almenna löggjafans til þess að kveða á um í lögum um samningsaðild stéttarfélaganna. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari lögum samkvæmt með samningsaðild fyrir vélfræðinga og beri þeim að greiða gjöld til þess félags. Þeim sé í sjálfsvald sett hvort þeir eigi aðild að öðrum félögum og ráðist það af samþykktum þeirra félaga hvort og þá hvernig greiðsluskylda þeirra sé háttað. Þeim er að sjálfsögðu heimilt að hætta þátttöku í þessum frjálsu félagasamtökum og falli þá greiðsluskylda þeirra niður. Ákvörðun vélfræðinga um félagsaðild að Vélstjórafélagi Íslands sé stefnda óviðkomandi og hafi hann ekki lagt neina greiðsluskylda á vélfræðinga til þess félags enda óheimilt lögum samkvæmt.

Þá er því enn fremur haldið fram af stefnda að ákvæði 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins sé máli þessu óviðkomandi. Hinn almenni löggjafi hafi engar skorður sett á tjáningarfrelsi manna, hvorki með lögum nr. 94/1986 né lögum nr. 80/1938. Vélfræðingar hafi fullt tjáningarfrelsi í báðum þessum félögum og öðrum þeim félögum sem þeir hugsanlega kjósi að eiga aðild að.

Stefndi bendir enn fremur á að hann hefuri aldrei haldið því fram að umræddir vélfræðingar séu ekki félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands. Um það atriði varði stefnda engu enda alfarið mál hlutaðeigandi starfsmanna og stéttarfélaganna. Af hálfu stefnda hafi verið á því byggt að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari með samningsumboð fyrir vélfræðinga og að óheimilt sé að semja við önnur stéttarfélög um það starfsheiti. Stefndi mótmælir því alfarið að í afstöðu hans felist afskipti af félagsaðild starfsmanna eða að með afstöðu sinni séu lagðar hömlur á félagafrelsi þeirra. Ítrekað er að stefndi telur sig það engu varða í hvaða stéttarfélagi hlutaðeigandi starfsmenn séu félagsmenn. Stefndi telur sér skylt að skila félagsgjöldum umræddra starfsmanna til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 beri vélfræðingum að greiða gjöld til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eins og þeir væru félagsmenn, en engin skylda sé til aðildar að félagi þessu. Skylda til greiðslu

gjalda til þess félags, sem fari með samningsaðild fyrir starfsmenn, brjóti hvorki í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins né gegn mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 eða 4. gr. laga nr. 80/1938. Vísar stefndi til dóms Félagsdóms í máli nr. 4/1998 um þetta atriði.

Af hálfu stefnda er þeim fullyrðingum stefnanda mótmælt að ákvæði laga nr. 94/1986 séu andstæð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um félagafrelsi. Löggjafinn hafi ákveðið tvenns konar fyrirkomulag á samningsaðild stéttarféлага. Annars vegar sé um að ræða lög nr. 80/1938 og hins vegar lög nr. 94/1986. Allan þann tíma sem vélfræðingar hafi starfað hjá Reykjavíkurborg hafi þeir verið opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgi. Er því enn fremur mótmælt að í slíkri tilhögun felist brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Vísað er til dóms Félagsdóms í máli nr. 17/1997, Alþýðusamband Íslands gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar þar sem staðfest var að samningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um tiltekið starfsheiti leiddi til þess að annað stéttarfélag gæti ekki farið með samningsaðild vegna sama starfsheitis. Með vísan til framanritaðs er þeirri málsástæðu stefnanda mótmælt sem rangri og órökstuddri að ákvæði laga nr. 94/1986 séu andstæð ákvæðum 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi þar sem þau veiti tilteknum stéttarfélögum aukið vægi framfarum öðrum. Breyting sú, sem gerð var á stjórnarskránni á árinu 1995, breyti engu þar um.

Félagsdómur hafi dæmt um það álitaefni hvort ákvæði stjórnarskrárinnar stríði gegn ákvæðum laga nr. 94/1986 eða skuldbindingum Íslands skv. alþjóðlegum sáttmálum og vísast til Félagsdóms í máli nr. 4/1998 og ber með vísun til forsendna þessa dóms og þeirra málsástæðna og lagataka sem stefndi byggir á að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Stefndi vísar m.a. til grundvallarreglna Íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Þá vísar stefndi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 svo og laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, einkum 4., 5. og 6. gr. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá vísar stefndi enn fremur til dóma Félagsdóms í málum nr. 17/1997, 4/1998 og 9/1998.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**

Af hálfu stefnda er tekið fram að hann sé er aðili að kjarasamningi við meðstefnda Reykjavíkurborg um störf vélfræðinga hjá orkuveitum borgarinnar. Á síðasta ári hafi meðstefndi gefið mínum umbjóðanda kost á að tjá sig um kröfu stefnanda um að meðstefnda Reykjavíkurborg væri skylt að semja við stefnanda um störf vélfræðinga sem starfa hjá veitustofnunum Reykjavíkurborgar. Þessi krafa hafi verið sett fram þótt í

gildi væri kjarasamningur milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar um þessi störf. Umsögn stefnda sé dagsett 22. september 1998 og hefur verið lögð fram í málinu. Afstaða stefnda til kröfu stefnanda hafi verið neikvæð og sé sú afstaða rökstudd í nefndu bréfi.

Andmæli stefnda við dómkröfu stefnanda byggjast m.a. á eftirfarandi atriðum:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Véltjórafélag Íslands er stéttarfélag sem starfar samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Skv. 3. gr. laga nr. 94/1986 fari sveitarstjórnir með samningsfyrirsvar fyrir sveitarfélög. Reykjavíkurborg sé sveitarfélag og gildi lög nr. 94/1986 um samskipti borgarinnar og þeirra stéttarféлага sem starfa eftir sömu lögum, þ.m.t. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög sem starfa á grundvelli laganna rétt til þess að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Ríki og/eða sveitarfélögum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við stéttarfélög sem starfa skv. lögum nr. 80/1938. Heimild opinberra aðila til þess að gera kjarasamninga við þessi stéttarfélög takmarkast af reglum laga nr. 94/1986, m.a. 6. gr. laganna þar sem fram sé sett sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Ýmsar skyldur séu lagðar á opinbera starfsmenn sem ekki verði lagðar á félagsmenn almennu verkalýðsfélaganna. Samkvæmt 5. t. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga nái heimild til þess að taka þátt í verkfalli ekki til þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Lagareglan sé sett til þess að tryggja að ekki verði neyðarástand þótt opinberir starfsmenn fari í verkfall. Sambærileg skylda verður ekki lögð á félagsmenn almennu verkalýðsfélaganna. Þótt til verkfalls komi hjá félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé unnt að tryggja rekstur Hítu, Vatns og Rafmagnsveitu Reykjavíkur svo lengi sem starfsmennirnir lúti reglum laga nr. 94/1986. Slíkt væri ekki unnt ef lög nr. 80/1938 giltu um starfsmennina.

Stefndi telji að af framangreindu leiði að meðstefndi Reykjavíkurborg hafi kjarasamningsskyldu við félagið um störf vélfræðinganna og jafnframt sé borginni óheimilt að gera kjarasamning við Véltjórafélag Íslands um þessi störf.

Af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar er tekið fram að því sé ekki haldið fram að vélfræðingarnir hafi skyldu til þess að vera félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt er viðurkennt að þeim er heimilt að ganga í



Vélstjórafélag Íslands eða hvert annað löglegt félag sem þeir vilji eiga aðild að. Tilvísunum stefnanda til stjórnarskrárvarins jafnræðis, félaga- og skoðanaftelsis er mótmælt sem sakarefninu óviðkomandi. Sama gildir um tilvísanir til 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Að mati stefnda fari því fjarri að brotið sé gegn grundvallarmannréttindum þessara einstaklinga þótt þeir geti ekki átt lögvarinn rétt til þess að þvinga meðstefnda til samningsgerðar á sviði þar sem hann sé þegar samningsbundinn stefnda. Um þessi sjónarmið vísast m.a. til niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 4/1998.

Að öðru leyti er tekið undir málsástæður, lagarök og tilvísun til réttarreglna sem fram koma í greinargerð meðstefnda.

### Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa að þeir félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar starfa sem vélfræðingar hjá Reykjavíkurborg. Þá er einnig óumdeilt að þeim hafi verið frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Vélstjórafélag Íslands.

Stefnandi byggir í máli þessu m.a. á því að hann eigi samningsrétt við stefnda, Reykjavíkurborg, á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986. Stefndi, Reykjavíkurborg, andmælir þessu og byggir á því að stefnandi sé stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ríki og/eða sveitarfélögum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við slík félög og heimild til að semja við þau takmarkist af lögum nr. 94/1986. Jafnframt byggir stefndi Reykjavíkurborg á því að þar sem hann hafi alla tíð samið um kaup og kjör vélfræðinga við meðstefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sé honum óheimilt að semja um þau við annað stéttarfélag, sbr. og 6. gr. laga nr. 94/1986. Þar komi fram sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Vinnuveitandi er ekki bundinn við að semja við sama stéttarfélag nema út samningstímann. Það styðst við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 og við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 þar sem gert er ráð fyrir að ný félög geti öðlast samningsumboð samkvæmt 5. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Þessi réttur sem nefndur er félagafrelsi hefur verið bundinn í stjórnskipunarlög allt frá 1874.

Í 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 er fjallað um félagafrelsi. Þar segir svo: "1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum

hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að fírra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. ...”

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er kveðið svo á um að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Samkvæmt 2. gr. laga Vélstjórafélags Íslands er tilgangur þess m.a. að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og vélavarðastéttarinnar og semja um kaup og kjör þeirra við vinnuveitendur. Félagið er landsfélag þeirrar starfsstéttar sem hefur lögformleg starfsréttindi og uppfyllir skilyrði 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um formlega menntun.

Reglan um samningsfrelsið er ein af meginstoðum samningaréttarins, enda þótt hún sæti ýmsum undantekningum. Við mat á frávikum frá reglunni verður að hafa í huga að samningsfrelsið er meginregla og frávikin frá henni ber að skýra þröngt. Augljóst er að það er undantekning frá þeirri reglu að þvinga félagsmenn eins stéttarfélags til að fá öðru stéttarfélagi, sem þeir hafa sagt sig úr og vilja ekki vera í, umboð sitt til kjarasamninga, en til þess kemur ef kröfur stefndu í máli þessu verða teknar til greina. Þetta verður að hafa í huga við túlkun á tilgreindu ákvæði 5. gr. laga nr. 94/1986.

Samkvæmt tilvitnuðu stjórnarskrárákvæði og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Sá réttur nær ekki aðeins til þess að vera félagsmaður heldur einnig til þess að láta til sín taka starfsemi félagsins, þar með að fela stéttarfélagi sínu umboð til að gera kjarasamning.

Þegar allt framangreint er virt verður að telja að víkja beri fjöldatakmörkunum 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 til hliðar í því tilviki sem hér er til úrlausnar og viðurkenna rétt stefnanda til að fara með samningsaðild tilgreindra félagsmanna sinna hjá Reykjavíkurborg þegar núgildandi kjarasamningur stefndu Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fellur úr giði.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

**D Ó M S O R Ð:**

Viðurkennt er að stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, fari með samningsaðild fyrir vélfræðingana Önnu Kristjánsdóttur, kt. 301251-2979, Arnar Laxdal Snorrason, kt. 060241-4229, Halldór Sigurðsson, kt. 110734-4339, Jóhann Kristjánsson, kt. 060752-3119, Karl Karlsson, kt. 261235-7499, Kristin Gíslason, kt. 251145-4079, Kristin Héðinsson, kt. 040657-3479, Kristin Rafnsson, kt. 240754-4449, Markús J. Ingvason, kt. 021254-4019, Pétur Jónsson, kt. 100944-2949, Sigurjón Ásgeirsson, kt. 280361-4459, Sigurð E. Sigurðsson, kt. 210436-3759, Skúla K. Gíslason, kt. 130738-2659, Svein Rúnarsson, kt. 190854-5749, Sverri Sæmundsson, kt. 170645-3759, Þorstein I. Kragh, kt. 151236-3839 og Örn Tyrfingsson, kt. 051245-4669 við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem vélfræðinga hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson

Arngrímur Ísberg

Gísli Gíslason

Ingibjörg Benediktsdóttir


Gunnar Sæmundsson

-----  
Rétt endurrit staðfestir,  
Reykjavík, 23. desember 1999.

Gjald kr. 1.700,-

- eitt þúsund og sjö hundruð krónur 00/100 -

Greitt:

A handwritten signature in black ink is written across a circular stamp. The stamp contains the text 'LAGSGÆTT' at the top and 'ÍSLAND' at the bottom, with a central emblem featuring a crown and other heraldic symbols.

## Samanburður

**verkfallsheimilda og skyldra atriða um samskipti aðila á vinnumarkaði**  
 samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, sbr. lög nr. 75/1996,  
 og samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna  
 að teknu tilliti til breytingar samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum nr. 94/1986

	Lög nr. 80/1938	Lög nr. 94/1986	Ákvæði
Verkbann (vinnuveitanda) heimilt	Já	Nei	14. gr**
Meginreglan að verkfall sé heimilt	Já	Nei	14. gr
Aðeins stéttarfélag boðar verkfall	Já	Já	14. gr
Leynileg atkvæðagreiðsla áskilin	Já	Já	15. gr
Póstatkvæðagreiðsla heimil	Já	Nei	15. gr
Þátttökuskilyrði við verkfallsboðun	Fimmtungur	Helmingur	15. gr
Meirihluti reiknaður af	Greiddum atkvæðum	Öllum atkvæðum	15. gr
Verkföll hjá tilteknum vinnustað/hóp heimilt	Já	Umdeilt	15. gr
Heimildir til frestunar verkfalla	Já	Umdeilt	15. gr
Tilkynningarskylda til allra vinnuveitenda	Nei („aðallega“)	Já	16. gr
Tilkynningarfrestur	7 sólarhringar	15 sólarhringar	16. gr
Fullnustuverkföll heimil	Já	Já	17. gr
Pólitísk verkföll sögð óheimil	Já	Já	17. gr
Samúðarverkföll heimil	Já	Já	17. gr
Verkfallsbrot félagsmanna ólögsmæt	Já	Já	18. gr
Verkfallsbrot innan sambands lýst ólögsmæt	Já	Nei	18. gr
Fjöldauppsagnir starfsmanna bannaðar	Já	Já (skv frv)	19./14. gr
Skilgreining verkfalls	Já	Já (skv frv)	19./14. gr
Bann við aðgerðum á borð við verkbönn	Já	Nei (ei heldur skv frv)	19. gr.
Heimild til lengingar á uppsagnarfresti	Nei	Já, í allt að 6 mánuði	46. gr*
Lögákveðnar takmarkanir á verkfallsrétti	Nei	Já	19. gr.
Beint dómsvald Félagsdóms v. lögbrota	Já	Nei	44./26. gr
Beint dómsvald Félagsd. v. samningsbrota	Já	Nei	44./26. gr
Viðurlög (bætur) gagnvart atvinnurekendum	Já	Nei	70. gr
Refsiviðurlög v. ólögsmættra aðgerða starfsm.	Nei	Já	70./35. gr**
Hópuppsagnir (vinnuveitanda) takmarkaðar	Já	Já - ennþá !	L 95/1992

\* 2. mgr. 46. gr laga nr 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

\*\* Auk laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna („fangelsi allt að 2 árum“) og 40., sbr. 53. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

### Undirstrikanir fela í sér atriði sem breytast verði stjórnarfrumvarpið að lögum

Af ofangreindu yfirliti yfir 26 dæmi um meginatriði úr báðum lagabálkum íslenskrar vinnulöggjafar sést að mikill munur er á réttarstöðu opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði - opinberum starfsmönnum í óhag að því leyti að miklar takmarkanir eru á réttindum þeirra að því er varðar samskipti á vinnumarkaði, svo og ríkari skyldur

Af 26 ofangreindum atriðum verða 17 atriði ólík áfram - í stað 18 áður

Aðeins 9 atriði verða eins

Ríkisstjórnin leggur aðeins til að eitt þessara atriða verði samræmt



# Bandalag háskólamanna

Fjármálaráðherra,  
Geir H. Haarde  
Fjármálaráðuneytinu  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 1999

Fram hefur komið að í undirbúningi sé hjá ríkisstjórninni frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af því tilefni skal bent á að löggin voru samþykkt á grundvelli sérstaks samkomulags viðræðunefndar BHM, BSRB og kennarafélaganna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar frá 24. nóvember 1986 og kom viðræðunefndin sér saman um frumvarpið í þeirri mynd sem það var lagt fyrir þingið.

Bandalag háskólamanna telur rétt að aftur sé staðið að málum með sama hætti eigi að breyta lögnum sem gilda um starfsemi aðildarfélaga þess og samskipti þeirra við viðsemjendur sína. Eru samtökin reiðubúin til þeirra vinnu. Bandalag háskólamanna hefur oft ályktað í þessa veru – m.a. á aðalfundi árið 1994 þar sem fram kom í ályktun að ein vinnulöggjöf skyldi gilda í landinu.

Í von gott samstarf um lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,

Björk Vilhelmsdóttir,  
formaður BHM.

BOÐSENT

**Samrit í fjarveru fjármálaráðherra:**  
Sólveig Pétursdóttir, starfandi fjármálaráðherra

**Afrit:**  
BSRB  
Kennarafélögin  
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins  
Þingflokkur Framsóknarflokksins  
Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu

Reykjavík, 19. nóvember 1999

Fjármálaráðherra,  
Geir H. Haarde

Vísað er til fundar fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna með fjármálaráðherra og embættismönnum ráðuneytisins í gær. Í samræmi við þær umræður sem þar áttu sér stað um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er hér með komið á framfæri þeim breytingum sem samtökin telja brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem ríkisstjórnin leggur áherslu á.

Þá telja samtökin afar mikilvægt að í framhaldinu verði skipuð nefnd með fulltrúum þeirra sem starfa eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna um heildarendurskoðun laganna þar sem m.a. verði tekið á þeim takmörkunum sem löggin kveða á um umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Hér á eftir fara tillögur samtakanna með skýringum:

#### A

*Í stað 15. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna (sem verði felld brott) komi eftirfarandi texti 15. gr laga nr 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr 75/1996 – svo breyttur:*

#### 15. gr.

[Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun-verkfall er ~~hún það~~ því aðeins heimilt að ákvörðun um ~~hæna það~~ hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. (~~fimmtungs~~) hellingu atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta þeirra sem afstöðu taka greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um verkfall. vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar ~~þá óháð þátttöku~~.

Nú er vinnustöðvun-verkfalli einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun-verkfall með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá (~~fimmtungur~~) hellingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um verkfall vinnustöðvun.

Í tillögu um vinnustöðvun-verkfall skal koma skýrt fram til hverra ~~henni því~~ er (~~einum~~) ætlað að taka og hvenær verkfalli vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmaðrar ákvörðunar um boðun verkfalls vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærur fyrirsvarsmönnum stéttarfélags eða samtaka stéttarfélaga ~~samningsaðila~~ er jafnan heimilt að aflýsa verkfalli – hvort sem það er hafid eður ei vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðuðuðri verkfalli vinnustöðvun, einu sinni eða oftár, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis



gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðuðum verkfalli ~~vinnustöðvun~~ og yfirstandandi verkfalli ~~vinnustöðvun~~ með samþykki beggja aðila.]

Tillagan felur í sér að sem mest samræmi verði á milli reglna laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna annars vegar og laga um stéttarfélög og vinnudeilur hins vegar hvað varðar boðun, frestun og aflýsingu verkfalls. Eina efnisbreytingin sem gerð er tillaga um er að í stað fimmtungs þátttöku í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun verði gerð krafa um þátttöku helmings félagsmanna og að ekki verði vikið frá því skilyrði þótt póstatkvæðagreiðsla fari fram.

## B

*Ný málsgrein, er verði 5. mgr, bætist við nýja 15. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

Undirskrift til þess bærra fyrirvarsmanna stéttarfélags eða samtaka stéttarféлага undir kjarasamning með fyrirvara um samþykki felur í sér frestun verkfalls þar til niðurstaða úr atkvæðagreiðslu liggur fyrir. Ef kjarasamningur er samþykktur er verkfalli þar með sjálfkrafa aflýst. Nú er kjarasamningur felldur í atkvæðagreiðslu og kemur þá boðað eða hafið verkfall að nýju til framkvæmda á miðnætti fullum sólarhring eftir að ríkissáttasemjara hefur borist tilkynning um niðurstöðu nema aðilar verði sammála um annan tíma.

Með þessari tillögu er ætlunin að eyða réttaróvissu sem kom til umræðu á fundinum í gær.

## C

*Í stað tölunnar "15" í 1. mgr 16. gr laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna komi talan "7".*

Breytingin er til samræmis við lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ögmundur Jónasson,  
formaður BSB.

Með kveðju,  
Eiríkur Jónsson,  
formaður KÍ.

Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit sent Gunnari Björnssyni,  
starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.